



Áveitan

7. tbl. 13. árgangur. Júlí 2019

Reiðtúr um Oddgeirshóllalund

Ungmennafélagsreiðtúrin fer að þessu sinni fram þriðju-dagskvöldið 9. júlí.

Hittast á við Einbúa þar sem fólk getur tekið hross af kerrum og lagt á. Riðið verður af stað kl 20:00 og farið meðfram Hvítá að mörkum Langholts og Oddgeirshóla, riðið niður með þeim og niður í Sorta. Þaðan aftur í Einbúa. Um er að ræða ca 10km hring.

Ungmennafélagið mun bjóða upp á heitt kakó á leiðinni en gott getur verið að hafa smá nesti í vasanum.

Þetta er í fjórða sinn sem Umf. Þjóttandi efnir til reiðtúrs af þessu tagi og mætingin alltaf verið til fyrirmyndar. Við vonum að svo verði líka að þessu sinni.

Stjórn Umf. Þjóttanda



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisevao@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Umhverfisverðlaun Flóahrepps 2019 – Fegrun umhverfis

Eftirtaldir aðilar hlutu umhverfisverðlaun Flóahrepps árið 2019. Rósa Matthíasdóttir og Freyr Baldursson fyrir ferðaþjónustufyrirtækið “Icelandic cottages“, Ingimundur B. Garðarsson og Þórunn Kristjánsdóttir fyrir myndarlega uppbyggingu og fallegan vel hirtan garð á Vatnsenda og Hafsteinn Hafliðason í Þingborg fyrir framlag sitt til Skógræktarfélags Hraungerðishrepps og góð ráð við fegrun umhverfis við félagsheimili, leikskóla og skrifstofur sveitarfélagsins í Þingborg.

Flóahreppur óskar handhöfum umhverfisverðlauna Flóahrepps til hamingju með viðurkenningarnar. Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps fær bestu þakkir fyrir sitt framlag til verkefnisins.

Í tengslum við átak Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hefur verið sent dreifibréf á alla fasteignaeigendur í Flóahreppi. Í dreifibréfinu eru þeir hvattir til þess að taka höndum saman um alla fegrun umhverfis. Flóahreppur býður endurgjaldslausa gáma fyrir járn, timbur og grófan úrgang út árið 2019 til þess að koma til móts við þá sem þurfa að fara í átakverkefni í tengslum við tiltekt eða niðurrif.

Flóaljós

Enn er unnið að uppbyggingu fjarskiptakerfisins Flóaljós og ganga framkvæmdir skv. áætlun. Verið er að leggja lokafrágang á mælingar og hnitsetningar á kerfinu ásamt því að ljúka við síðustu tvo áfanga jarðvinnunnar. Engin frávik eða veikleikar hafa ennþá komið fram við mælingar á kerfinu. Skilyrði fyrir framlögum frá Fjarskiptasjóði eru að allar mælingar standist tilskildar kröfur.

Íbúum er bent á upplýsingar á heimasíðu varðandi tímasetningu á opnun kerfisins. Gert er ráð fyrir að tengingar opnast í áföngum.

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn hóf störf 11. júní og mun starfa til 27. júlí . Unnið hefur verið að fegrun umhverfis við húsnæði sveitarfélagsins, í kirkjugörðum og við Urriðafoss. Flokkstjórar og aðrir þátttakendur í vinnuskólanum fá bestu þakkir fyrir gott framlag til feegrar umhverfis og góða vinnu.

Boðið er upp á slátt fyrir eldri borgara við heimahús og er þeim sem hafa áhuga á að nýta sér það bent á að hafa samband við skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á netfangið gudrun@floahreppur.is eða magnus9812@hotmail.com eftir sumarlokun skrifstofunnar.

Flóaskóli

Í Flóaskóla hefur hver stund verið nýtt til þess að undirbúa starf næsta skólaárs, stofur ræstar, gangar bónaðir, og hagrætt innanstokks til þess að allir þættir skólastarfsins eignist fullnægjandi rými.

Skólatröð hefur verið máluð og skipt um gólfefni ásamt því að endurnýja frá lagnir umhverfis húsið. Húsið mun verða nýtt fyrir skólavistun og kennslu í tónmennt. Bestu þakkir starfsmenn og aðrir sem komið hafa að málum.

Sumarlokanir leikskóla og skrifstofu

Leikskólinn Krakkaborg lokar á tímabilinu 3. júlí – 6. ágúst. Skrifstofa Flóahrepps lokar á tímabilinu 15. júlí – 6. ágúst. Sveitarstjórn Flóahrepps verður í sumarleyfi frá 9. júlí – 13. ágúst. Upplýsingar um neyðarnúmer vatnsveitu eru á heimasíðu Flóahrepps www.floahreppur.is

Með sólskinskveðju frá skrifstofu Flóahrepps,

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri.

Munið sumaræfingarnar

Á miðvikudagskvöldum kl 20-21 í sumar eru ípróttæfingar á vellinum við Þjórsárver. Æfingarnar eru ætlaðar börnum fæddum á árunum 2006-2012. Þjálfari er Sunna Skeggjadóttir.

Á fimmtudagskvöldum kl 20-22 eru leikjakvöld fyrir unglinga fædda 2006 og fyrr. Stefán Narfi stjórnar æfingunum. Staðsetning er mismunandi og fólk þarf að fylgjast með á facebooksíðunni „leikjakvöld Þjótanda“ til að vera með á nótunum.

Við hvetjum foreldra til að vera duglegir við að sameina í bíla og skutla krökkunum á æfingar í sumar.

UPPSKRIFTARHORNID

Takk Unnur.

Er þessi áskorun dulin skilaboð um að ég eigi að bjóða ykkur í mat?

Ef svo er þetta skotheldur matseðill!

Ég er ekki mikið að elda fisk en þessi réttur klikkar aldrei - ALDREI! Enda slatti af ananas í honum og allt sem viðkemur ananas er frábært, líka ofaná pítu. Alveg sama hvað Guðni forseti segir.

Fiskréttur:

1 poki hrísgrjón

2 fiskflök

1 paprika

1 laukur

sveppir eftir smekk

1 dós ananasbitar

Krydd (aromat, sítrónupipar, seasonall, karrí)

Sósa:

um 3-4 msk maiones

safi af ananas

1/2 peli rjómi

1 tsk karrí

1/4 tsk paprikuduft

Aðferð:

-Hrísgrjónin eru soðin og sett í botninn á eldföstu móti.

-Fiskurinn skorinn í bita og settur ofan á hrísgrjónin, kryddaður með sítrónupipar, aromat og karrí.

-Grænmetið er steikt og kryddað með seasonall. Það er svo sett yfir fiskinn og ananasbitarnir líka.

-Sósan er löguð og sett yfir.

-Látið malla inni í ofni á 180° í um 20 mín, þá er gott að setja ost yfir herlegheitin og setja aftur inn í ofn í um 10 mínútur.

-Þetta er gott að bera fram með hvítlauksbrauði sem þú kaupir tilbúið úti í næstu kjörbúð!

Þar sem ég er mikil desertáhugamanneskja er tilvalið að láta fylgja uppskrift sem er í minni fjölskyldu kölluð Gunna í Breiðadal. En það er einungis vegna þess að Amma Gunný fékk þessa uppskrift einmitt frá Gunnu í Breiðadal.

Þessa köku má eiginlega finna í flestum fjölskylduboðum í Botni og Birkihlíð.

1 bolli hveiti

1 bolli sykur

1 egg

1/4 tsk salt

1 tsk matarsóði

1/2 dós niðursoðnir blandaðir ávextir og safi

-Öllu blandað saman og sett í eldfast mót

1/2 bolli púðursykur

1/2 bolli kókosmjöl

-Sett yfir blönduna

-bakað á 200 ° í um 15-20 mín.

-Hámist með bestu lyst ásamt ís eða þeyttum rjóma.

Ég skora á Cathy í Egilsstaðakoti.

Aldís á Stóra-Ármóti

Kvöldganga Umf. Þjótanda

Ákveðið hefur verið að efna til kvöldgöngu mánudagskvöldið 29. júlí. Ætlunin er að hittast við bílastæðið við leiðina upp í Reykjadal við Hveragerði og ganga af stað kl 18:00. Þaðan verður gengið inn Reykjadalinn að hinum sívinsæla baðstað og þaðan áfram yfir Dalaskarð. Þegar komið er þar í gegn munu göngugarparnir ákveða í sameiningu hvort þeir labba niður Grænsdal sem er dálítið blaut leið, en styttri eða komi niður Gufudal sem er aðeins lengri en betra gönguland. Gangan er rúmlega 10km löng og tekur 3,5 klst.

Nauðsynlegt er að vera vel búinn til göngunnar og hafa með sér gott nesti.

Aldurstakmark í ferðina er 14 ár.

Ef veður verður vont og það þarf að fresta göngunni þá verður það tilkynnt á facebook svo það er um að gera að fylgjast vel með.

Ganga er holl og góð skemmtun svo við hvetjum sem flesta til að reima á sig gönguskóna og koma með okkur í göngu!

Stjórnin

Útivistarverkefni Umf. Þjótanda 2019

Kæru sveitungar og aðrir áhugasamir!

Vegna gífurlega góðrar þátttöku á síðasta ári blæs Umf. Þjótandi til verkefnisins „Sá ég spóa, suð'r í Flóa” í annað sinn. Það voru 287 einstaklingar sem tóku þátt á síðasta ári og vonandi verða viðtökurnar jafn góðar í ár.



Eins og áður eru sex staðir tilnefndir sem áfangastaðir í verkefninu. Á hverjum stað er staðsettur einhverskonar póstkassi og staur. Í póstkassanum er gestabók og skriffæri. Þar skrifa allir viðstaddir nöfnin sín og ganga svo frá öllu aftur.

Þann 1. september líkur verkefninu og öllum gestabókunum verður safnað saman aftur. Nöfn þeirra sem hafa ritað í a.m.k. fimm bækur komast í pott. Dreginn verður út einn vinningshafi sem fær veglegan vinning, kayakferð fyrir fjóra í Róbison Krúsó ferð hjá Kayakferðum Stokkseyri.

Tilgangur „Sá ég spóa suð'r í Flóa” er sem fyrr að hvetja fjölskyldur og einstaklinga til þess að stunda holla hreyfingu úti í náttúrunni. Um leið er hægt að uppgötva nýja staði innan sveitarinnar því oft þarf ekki að leita langt yfir skammt til að upplifa eitthvað nýtt eða sjá ný sjónarhorn. Mjög sniðugt getur verið að hafa með sér fugla eða blómabók til að glugga í á leiðinni. Í ferðum sem þessum hefur reynst ómissandi að taka með sér nesti, enda hressir það og kætir börn jafnt sem gamalmenni. Við vonumst til þess að sem flestir sjái sér fært að taka þátt í verkefninu í ár.

Stjórn Umf. Þjótanda



Áfangastaðir



Heimsókn til álfa í Rútsstaðahverfinu?

Bílum lagt við afleggjarann að Rútsstaðahverfinu. Ef ekið er niður Gaulverjabæjarveg er afleggjarinn á vinstri hönd mitt á milli afleggjaranna að Hraunholti og Hófgerði. Gengið eftir veginum inn í hverfið þar til hann beygir til hægri. Ef horft er út í móann á hægri hönd má sjá Lambahelli og þar er póstkassinn. Hellirinn var áður notaður sem fjárhús og þá lágu hlaðin göng að opinu sunnanverðu. Hellirinn var þá heill og lokaður að norðanverðu en hleðslan er nú hrunin. Um 900m gangur er að hellinum. Ýmsa kletta og álagahóla má sjá á þessu svæði t.d. Lambhól, Karlshól, Strokkhóll og Rugghóll. Sunnan við beygjuna á veginum má svo sjá Kringlóttutjörn en hún er sögð botnlaus. Lesa má betur um öll þessi örnefni í bókinni *Landið, fólkíð og þjóðtrúin*. Við hvetjum fjölskyldur til þess að loka vel öllum hliðum á eftir sér þar sem mikið er af hrossum á svæðinu.

Fljótshólar, þar sem áin og hafið mætast

Þjórsá er lengsta á landsins, 230km löng. Við Fljótshóla rennur áin út í sjó og má því segja að vatnið í ánni eigi langt ferðalag að baki. Ekinn er afleggjarinn að Fljótshólum. Áður en komið er heim á hlað er beygt út af veginum til hægri og ekinn sandslóði þar til komið er að girðingu. Bíllinn er geymdur þar og gengið sem leið liggur í átt að ánni. Eftir rúmlega 500 metra göngu ætti póstkassinn að sjást. Þeir sem vilja geta gengið alveg að ósnum. Athugið að sjávarfalla gætir á staðnum.

Ekki vola við Vola

Ekinn afleggjarinn að Hróarsholti þangað til kemur að malarplani rétt austan við íbúðarhúsið í Hróarsholti. Bílum lagt þar og gengið í gegnum stórt járnhlið nálægt afleggjaranum að Brekkuhúsum og Hróarsholtsklettum. Þar er gengið með fram girðingunni sem liggur með afleggjaranum að Brekkuhúsum og síðan beygt til hægri eftir uppgrónum traktorsslóða sem liggur niður að Hróarsholtslæk/Vola þar sem finna má póstkassa. Líkur eru á því að nokkrar hressar kríur fylgi ykkur hluta leiðarinnar svo gott er að taka með sér prik til að halda fyrir ofan haus. Engar áhyggjur, kríurnar elta ykkur ekki á leiðarenda. Gangan er um 900m samtals fram og til baka.

Stefnumót við fortíðina í Dælarétt

Dælarétt er ævaforin fjárrétt í landi Heiðarbæjar. Hún er talin elsta rétt landsins og var helsta skilarétt svæðisins. Síðast var réttað þar 1970 en nú hefur Dælarétt verið friðlýst. Þar sem réttin telst til fornminja má ekki raska neitt við réttinni eða færa til steina. Úti í móanum vestur af réttinni er hægt að sjá um tveggja metra breiða sprungu sem opnaðist í jarðskjálftanum árið 2000. Hægt er að aka alveg að réttinni, en mælt er með að fólk taki sér göngutúr og skoði svæðið í kring.

Skógarferð á Stóra-Ármóti

Ekið er heim á hlað á Stóra-Ármóti og bílnum lagt við fjósið. Gengin er malarborinn traktorsslóði sem liggur til vesturs frá fjósinu og beygir svo til hægri í átt að Ölfusá. Af honum er beygt til hægri eftir moldargötu sem liggur beint að skógræktargirðingunni. Einhversstaðar í skógræktinni má finna póstkassann. Tilvalið er að borða nesti í skóginum og skoða sig um. Árið 1979 gáfu systkinin á Stóra-Ármóti, Jón, Ingileif og Sigríður Árnabörn Búnaðarsambandi Suðurlands jörðina með því skilyrði að þar yrði stundaður búskapur og rannsóknir í þágu sunnlenskra bænda. Ingileif gaf sambandinu auk þess myndarlega peningaupphæð síðar, til skógræktar á Stóra-Ármóti sem sambandið kom svo upp.

Glens og gaman í Einbúa

Einbúi er útivistarsvæði Umf. Þjótanda og þess vegna upplagt að hafa hann með í útivistarverkefninu. Fyrir börnum er gangan upp á hæsta topp Einbúans sannkölluð fjallanga og ýmislegt hægt að leika sér. Póstkassinn er staðsettur einhversstaðar á svæðinu, hver er fundvísastur í fjölskyldunni? Upplagt er að taka með sér fótbolta, flugdreka eða annað dót í Einbúa, að ógleymdu góðu nesti.

Til að komast að Einbúa er beygt til hægri undir klettunum rétt áður en komið er að hlaðinu í Oddgeirshólum. Þar sem vegurinn greinist í tvennt er beygt aftur til hægri og þá endar maður á réttum stað. Gætið að því að loka öllum hliðum.

Góða skemmtun!

Úrslit af íþróttamótum

Fjölmenntur hópur úr Þjótanda mætti til leiks á Héraðsleikum HSK sem fór fram í Þorlákshöfn þann 2. júní. Krakkarnir stóðu sig frábærlega og greinilegt að framtíðar frjálsíþróttastjórnur eru hér á ferð.

Guðni Bóas Davíðsson	´10	60m hlaup	11,07 sek	2. Sæti
		400m hlaup	1:48,34 min	2. Sæti
		Langstökk	2,83m	3. sæti
Kristján Reynisson	´12	60m hlaup	13,20 sek	10. Sæti
		400m hlaup	1:49,29 min	8. Sæti
		Langstökk	2,04m	8. Sæti
Kristófer Máni Andras.	´10	60m hlaup	10,53 sek	1. Sæti
		400m hlaup	1:24,18 min	1. Sæti
		Langstökk	2,90m	2. Sæti
Már Óskar Bjarnason	´10	60m hlaup	12,14 sek	5. Sæti
		400m hlaup	1:43,61 min	4. Sæti
		Langstökk	2,59m	4. Sæti
Baldur Ragnar Ragnarss.	´12	60m hlaup	13,14 sek	9. Sæti
		400m hlaup	1:46,46 min	6. Sæti
Nikulás Tumi Ragnarss.	´14	60m hlaup	15,65 sek	14. Sæti
Egill I. N. Jakobsson	´11	60m hlaup	10,76 sek	1. Sæti
		400m hlaup	1:37,16 min	3. Sæti
		Langstökk	2,74m	1. Sæti
Lilja María Axelsdóttir	´12	60m hlaup	12,24 sek	1. Sæti
		400m hlaup	1:45,47	1. Sæti
		Langstökk	2,05m	1. Sæti
Hugrún Svala Guðjónsd.	´09	60m hlaup	11,07 sek	3. Sæti
		400m hlaup	1:49,41 min	5. Sæti
		Hástökk	0,95m	4. Sæti
		Langstökk	2,35m	6. Sæti
		Kúlurv.(2kg)	5,41m	3. Sæti
Þorbjörn Stuluson Schacht	´11	60 m hlaup	11,24sek	3. sæti
		400m hlaup	1:30,92 mín	1. sæti
		Langstökk	2,74 m	2. sæti
Gísli Svavar Sigurðsson	´11	60 m hlaup	12,36 sek	5. sæti
		400m hlaup	1:48,12 mín	7. sæti
		Langstökk	2,68 m	4. sæti
Jón Olivar Rúnarsson	´10	Langstökk	2,28 m	6. sæti
Björgvin Guðni Sigurðsson	´09	Kúluvarp	4,91 m	5. sæti
Bergþóra Dögg Þórbergisd	´11	60m hlaup	12,87 m	2. sæti

Rán Ægisdóttir	´10	60m hlaup	11,60 sek	2. sæti
		400m hlaup	1:36,45 mín	2. sæti
		Langstökk	2,41 m	2. sæti
Karólína Þórbergisdóttir	´09	60m hlaup	11,10 sek	4. sæti
		400m hlaup	1:29,42 mín	3. sæti
		Hástökk	0,95m	5. sæti
		Langstökk	2,56 m	5. sæti
		Kúluvarp	5,30 m	4. sæti

Þjótandi átti þrjá keppendur á Aldursflokkamóti HSK sem fór fram þann 2. júní í Þorlákshöfn. Piltarnir stóðu sig mjög vel og bættu sig allir í nokkrum greinum.

Helgi Reynisson	´08	60m hlaup	10,12 sek	4. sæti
		600m hlaup	2:25,32 mín	2. sæti
		Hástökk	1,10m	4. sæti
		Langstökk	3,69m	3. sæti
Óskar Freyr Sigurðss.	´07	60m hlaup	11,64 sek	4. sæti
		Langstökk	2,85m	4. sæti
		Spjót.(400gr)	18,47m	4. sæti
Sigurjón Reynisson	´05	100m hlaup	15,11 sek	2. sæti
		600m hlaup	1:58,17 mín	1. sæti
		80mgr.(84cm)	16,13 sek	2.-3. sæti
		Hástökk	1,35m	2.-3. sæti
		Langstökk	4,12m	2. sæti
		Kúluv.(4kg)	7,21m	4. sæti
Spjót.(600gr)	26,43m	3. sæti		

Elías Örn Jónsson keppti fyrir hönd Þjótanda á Miðvikudagsmót Selfoss sem fór fram á Selfossvellingnum þann 5. júní. Elías stóð sig mjög vel og átti meðal annars stórbætingu í langstökki.

Langstökk	5,26m	2. sæti
Spjót.(700gr)	22,40m	2. sæti

Meistaramót Íslands 15-22 ára fór fram á íþróttavellingnum á Selfossi helgina 15.-16. júní. Fimm keppendur á vegum umf. Þjótanda kepptu fyrir hönd HSK/ Selfoss og stóðu sig allir gríðarlega vel. HSK/Selfoss náði í heild sinni afar góðum árangri og endaði í þriðja sæti í heildarstigakeppninni.

Einar Árni Ólafsson	´03	Kúluv.(5kg)	11,40m	5. sæti
		Sleggjuk.(5kg)	25,87m	2. sæti
Elías Örn Jónsson	´03	100m hlaup	13,32 sek	17. sæti

		200m hlaup	27,90 sek	12. sæti
		400m hlaup	67,64 sek	7. sæti
		Langstökk	4,87m	7. sæti
		Kúluv.(5kg)	8,66m	8. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	100m hlaup	12,48 sek	11. sæti
		200m hlaup	25,56 sek	9. sæti
		Hástökk	1,75m	2. sæti
		Stangarstökk	2,70m	4. sæti
		Langstökk	3,97m	10. sæti
		Kringluk.(1,5kg)	29,22m	5. sæti
Brynjar Jón Brynjarss.	'01	Langstökk	5,36m	9. sæti
		Kúluv.(6kg)	9,46m	4. sæti
		Kringluk.(1,75kg)	26,80m	6. sæti
Hugi Snær Jónsson	'01	400m hlaup	67,21 sek	3. sæti

Fréttir frá Krakkaborg

Í leikskólanum ber minna á skipulögðu starfi svona yfir sumarmánuðina. Frjálsi leikurinn fær meira rými og nemendur fá m.a. tækifæri til að þjálfa samskipti, samleik, ímyndunaraflíð og líkamsþroska í leikjum bæði innandyra og utan. Að telja smásteina (stærðfræði), raða þeim á dýrindis drullukökur (sköpun), bjóða félögum í kaffiþóð í leiknum (félagsþroski), byggja saman skýli eða tjalda (samvinna), hlaupa um eða klifra í trjám (gleði og áráðni) ...allt eru þetta mikilvæg tækifæri til náms og þroska.



Á miðdeild leikskólans, Ugludeild eru nemendur á aldrinum u.þ.b. 2ja til 4ra ára. Þar er mikið um frjálsan leik en áhersla er á máltöku og málörvun og því líka mikið um skipulagðar samverustundir þar sem bæði er lesið, leikið og sungið. Þar fer fram mikið orðaforðanám, unnið er með snerpu, eftirtekt og hlustun í ýmsum hreyfileikjum og söngvum, nemendur æfa sig í framsetningu og sjálfstrausti við að koma fram fyrir hópinn í samverustundum, nemendur þjálfa hljóðkerfisvitund með leikjum og verkefnum sem tengjast vissum hljóðum og stöfum. Lunkinn leikskólakennari fléttar saman áhuga nemenda og atriði úr skólanámskrá og kennir marga hluti samtímis og oftast án þess að nokkur taki eftir því, allra síst nemandinn. Sem dæmi má nefna morgunsamverustund þar sem lesin er ein stutt bók og sungin eru nokkur árstíðabundin lög. Nemendur þurfa að taka tillit til samnemenda, láta fara vel

um sig í rýminu, ekki troðast of nálægt, passa að allir sjái vel, þora að láta vita ef þeir sjá ekki sjálfir, ekki láta truflast þó einhver bætist í hópinn, æfa sig í einbeitingu og hlustun og fylgjast með og muna það sem fjallað er um því mjög líklega verður efnið rætt í hádegismatnum eða í nónhressingunni til upprifjunar. Kannski er lesið um hann Tuma sem fer til læknis. Einhver í hópnum á leið í tveggja ára skoðun og gott að lesa aðeins um hvernig er að fara til læknis og fá sprautu. Svo er kannski sungið um hann meistara Jakob og klukkuna sem slær þrjú. Þá æfum við m.a. Tákn með Tali og rím og kannski syngjum við líka sama lagið t.d. á frönsku og þýsku því sumir kunna líka önnur tungumál eins og mamma og pabbi, það er svo skemmtilegt. Allra skemmtilegast er þó að vera bókaormur dagsins. Þá má nemandi koma með bók að heiman sem er lesin í samverustund. Reyndar má alltaf koma með bækur til að lesa í leikskólanum en að vera bókaormur dagsins er miklu flottara. Þá eru mamma og pabbi með manni í liði við að velja bók. Stundum á maður uppáhaldsbók en stundum þarf að gera sér ferð á bókasafnið. Bókin er svo geymd í sér hillu í leikskólanum, jafnvel tekin mynd af manni með bókina, sett er ný bolla á bókaorminn sem verið er á byggja smám saman á vegg deildarinnar til að gera lesturinn sýnilegan, maður fær að tjá sig meira í samverustundinni. Kennararnir eru svo glaðir þegar þeir fá fleiri bækur að lesa því sérfræðingar í kennslu og máltöku um allan heim eru ennþá sammála um að lestur sé langbesta málörvunin og best sé að lesa fyri öll börn a.m.k. daglega, langt fram eftir grunnskólaaldrinum, líka eftir að þau hafa lært að lesa sjálf. Vetur, sumar, vor og haust...lestur er bestur!

Kær kveðja, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Unglingamót HSK

Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum mun fara fram þriðjudagskvöldið 23. júlí á Selfossvelli. Mótið hefst kl 19:00. Keppt verður í öllum flokkum 15-22 ára og keppnisgreinar eru 100m hlaup, 100m grindahlaup, 800m, kúluvarp, spjótkast, hástökk, langstökk og 4x100m hlaup.

Þeir sem hafa áhuga á að keppa á mótinu geta sent póst á Guðmundu á guðmunda89@gmail.com fyrir 21. júlí.

Unglingalandsmót UMFÍ Höfn í Hornafirði 1.-4. ágúst

Unglingalandsmót UMFÍ hafa farið fram reglulega frá árinu 1992 og árlega frá árinu 2002. Mótið hefur ætíð farið fram um verzlunarmannahelgina. Mótin hafa vaxið og sannað gildi sitt sem glæsilegar fjölskyldu- og íþróttahátíðir þar sem saman koma börn og ungmenna ásamt fjölskyldum sínum og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá.

Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11 - 18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum en samhliða er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Unglingalandsmót UMFÍ 2019 fer fram dagana 1. - 4. ágúst á Höfn í Hornafirði. Skráningargjald er 7.500kr. Öll ungmenni á aldrinum 11 - 18 ára geta skráð sig til leiks. Ekki er skilyrði að vera skráð/ur í ungmenna- eða íþróttafélag.

Allar nánari upplýsingar um mótið má sjá á heimasíðu Ungmennafélags Íslands www.umfi.is

SJÁUMST Á UNGLINGALANDSMÓTINU!

Kæru sveitungar

Hjartans þakkir fyrir samveruna á 17. júní sl. Við í nefndinni, Kvenfélög Flóahrepps og Umf. Þjótandi, vorum glöð að sjá hvað var góð mæting í ár og vonandi heldur það áfram að aukast. Við viljum færa fram þakkir til þeirra sem tóku þátt í öllum undirbúningi hátíðarinnar sem og tóku þátt í athöfninni sjálfri.

Þeir sem komu fram í ár voru:

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitastjóri og Ingunn Jónsdóttir formaður Atvinnu- og umhverfisnefndar.

Fánaberar voru Freyja Guðjónsdóttir og Arndís Ólafsdóttir.

Nýstúdeentsræða, í fyrsta skipti í ár, var í höndum Sveins Orra

Einarssonar og fjallkonan stórglæsilega var Ásdís Ágústsdóttir.

Kirkjukór Flóahrepps sá um söng undir stjórn Berglindar Bjarkar Guðnadóttur.

Þeir sem unnu til umhverfisverðlauna í ár voru Ferðapjónustan "Icelandic cottage" í Hraunmörk, Vatnsendi og Hafsteinn Hafliðason.

F.h. nefndar

Berglind Björk Guðnadóttir

Framræsingar

Fyllingar

Upphreinsanir

Efnisflutningar


Ýmis önnur jarðvinna

Fossandi ehf. S:895-3437

Timburhólagrill 2019

Minum á Timburhólagrillið 2. ágúst n.k.
Kolin verða orðin heit um kl. 20:00.
Sjáumst hress og kát.

Stjórn skógræktarfélagins Samhygðar



Dagskrá mánaðarins

Leikjakvöld	4. júlí
Ungmennafélagsreiðtúrinn	9. júlí
Íþróttæfing	10. júlí
Leikjakvöld	11. júlí
Íþróttæfing	17. júlí
Leikjakvöld	18. júlí
Unglingamót HSK í frjálsum	23. júlí
Íþróttæfing	24. júlí
Leikjakvöld	25. júlí
Kvöldganga Umf. Þjótanda	29. júlí
Íþróttæfing	31. júlí
Timburhólagrill	2. ágúst
Unglingalandsmót UMFÍ	1.-4. ágúst



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160